



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 13. desember 2023  
2212034 JKH

00.74

Matvælaráðuneytið

Borgartún 26  
105 Reykjavík

Efni: Byggðakvóti fiskveiðiársins 2023-2024.

Á 63. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 13. desember 2023 var fjallað um erindi frá ráðuneytinu varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðarlaganna Sandgerðis og Garðs. Jafnframt um leiðbeiningar um sérreglur um úthlutun byggðakvóta.

Meðfylgjandi bréfi þessu fylgir útfyllt eyðublað með tillögu um sérreglu fyrir byggðarlagið Garð, sem bæjarstjórn samþykkti. Einnig fylgir fundargerð fundar bæjarstjórnar, þar sem fram kemur afgreiðsla bæjarstjórnar á málinu.

Eins og fram kemur í gögnunum, þá er óskað eftir þessari sérreglu þar sem ekki er löndunarhöfn í byggðarlaginu Garði og með samþykkt sérreglunnar hafa fiskiskip sem skráð eru í byggðarlaginu Garði möguleika á úthlutun byggðakvóta en landi aflanum í sveitarfélaginu.

Virðingarfyllst,

Magnús Stefánsson  
bæjarstjóri



**Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2023/2024**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

<b>Sveitarfélag:</b>	Suðurnesjabær
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:</b>	Byggðarlagið Garður í Suðurnesjabæ
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	Samþykkt á 63. fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar þann 13. desember 2023.
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 852/2023 verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Ekki er löndunarhöfn í Garði og því hafa fiskiskip skráð í Garði ekki getað landað sínum afla í heimahöfn í Garði. Með breytingunni verða tryggðir hagsmunir byggðarlagsins um að skip skráð í Garði geti landað afla til vinnslu í byggðarlaginu.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 852/2023 breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Þar sem ekki er löndunarhöfn í Garði geta fiskiskip skráð í Garði ekki landað afla í heimahöfn í Garði. Með þessari breytingu geta fiskiskip í Garði átt kost á úthlutun byggðakvóta gegn því að aflanum sé landað í sveitarfélaginu og til vinnslu í sveitarfélaginu.
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á töluþóstafrangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a> .	

**Fundargerð 63. fundar  
Bæjarstjórnar  
haldinn í Ráðhúsinu í Garði,  
miðvikudaginn 13. desember 2023 , kl. 17:30.**

**Fundinn sátu:**

Einar Jón Pálsson, Magnús Sigfús Magnússon, Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, Anton Kristinn Guðmundsson, Úrsúla María Guðjónsdóttir, Jónína Magnúsdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Sigursveinn Bjarni Jónsson, Elín Frímannsdóttir, Magnús Stefánsson og Árni Gísli Árnason.

**Fundargerð ritaði: Árni Gísli Árnason, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.**

**1. Fjárhagsáætlun 2024-2027 - 2303087**

Síðari umræða.

Tóku til máls: MS, SBJ, EJP, JM, AKG og LE

*Bókun um fjárhagsáætlun:*

*Um fjöllum um forsendur fjárhagsáætlunar hófst á fyrsta ársfjórðungi ársins og hefur bæjarráð fjallað um áætlunargerðina, forsendur og endanlega tillögu um fjárhagsáætlun á undanförunum mánuðum og þá hefur bæjarstjórn haft nokkra vinnufundi með starfsfólki sveitarfélagsins til yfirferðar yfir starfsáætlanir og ýmsa liði fjárhagsáætlunar. Gott samstarf hefur verið hjá bæjarstjórn um vinnslu fjárhagsáætlunarinnar.*

*Ýmsar forsendur liggja til grundvallar vinnslu fjárhagsáætlunar, svo sem hagspár, áætlanir um útsvarstekjur og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Staða og sýn um þróun atvinnumála og atvinnustigs ásamt spá um þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu til næstu missera og ára eru einnig mikilvægar forsendur í áætlanagerðinni. Ýmsir áhrifaþættir eru markaðir nokkurri óvissu og munu hafa áhrif á framvindu áætlana. Þar má m.a. nefna almenna efnahagsþróun, svo sem hvernig mun vaxtastig þróast í náinni framtíð og hvernig tekst til við að vinna bug á verðbólgu. Þá er framundan að ganga frá kjarasamningum á vinnumarkaði, niðurstaða þeirra mun skipta miklu máli. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, ef það verður óbreytt að lögum blasir við að framlög Jöfnunarsjóðs til Suðurnesjabæjar munu lækka verulega á næstu árum, sem mun hafa áhrif á rekstur og fjárfestingagetu sveitarfélagsins til lengri tíma. Suðurnesjabær hefur gert alvarlegar athugasemdir um frumvarpið og bent á hve ákvæði þess ganga gegn hagsmunum sveitarfélagsins.*

*Helstu markmið bæjarstjórnar við vinnslu fjárhagsáætlunar eru að sveitarfélagið standist fjárhagsleg viðmið um jafnvægisreglu og skuldareglu samkvæmt 64. gr. Sveitarstjórnarlaga. Markmið er að framlög frá rekstri A og B hluta verði ekki undir 11% á komandi árum. Veltufé frá rekstri verði ekki undir 600 mkr. á ári til að standa undir afborgunum langtímalána og sem mestu af fjárfestingum, sem verði sem mest fjármagnaðar með skatttekjum og söluhagnaði eigna á komandi árum þannig að lántökum verði haldið í lágmarki. Áhersla bæjarstjórnar er á ábyrgð og aðhald í*

*fjármálum, bæði varðandi rekstur og fjárfestingar, en á sama tíma og út frá framangreindum markmiðum verði ekki dregið úr þjónustu við íbúa, heldur verði ávallt unnið að því markmiði að íbúar fái sem mesta og besta þjónustu á öllum þeim sviðum sem sveitarfélaginu ber að veita. Gjaldskrá þjónustugjalda verði í takti við þróun verðlags á hverjum tíma.*

*Í forsendum fjárhagsáætlunar ársins 2024 er álagningarhlutfall útsvars óbreytt frá fyrra ári, eða 14,72%, álagningarhlutfall fasteignaskatta verður óbreytt frá fyrra ári og almenn þjónustugjaldskrá er uppfærð miðað við verðlagsþróun. Ýmsir útgjaldaliðir eru uppfærðir út frá verðlagsþróun og áætlun um launakostnað byggir á kjarasamningum.*

*Í rekstraráætlun A og B hluta eru heildartekjur áætlaðar 6.778 mkr. og framlegð rekstrar fyrir afskriftir og fjármagnsliði er 746,7 mkr., eða 11,0%. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða er rekstrarniðurstaða A og B hluta áætluð jákvæð að fjárhæð 128,4 mkr.*

*Í sjóðstreymisyfirliti kemur m.a. fram að veltufé frá rekstri er 772,9 mkr. og handbært fé frá rekstri 726,8 mkr. Fjárfestingaáætlun er alls 968 mkr. og er áætlað að tekin verði ný lán að fjárhæð 400 mkr. en afborganir langtímaskulda eru áætlaðar 312,4 mkr. Áætlað er að handbært fé í árslok 2024 verði 441,5 mkr.*

*Helstu fjárfestingar á árinu 2024 eru nýbygging leikskólans Grænuborgar, áætlað er að leikskólinn verði fullbúinn til notkunar fyrir vorið og er gert ráð fyrir að framkvæmdakostnaður ársins 2024 verði 285 mkr. Haldið verður áfram með fjárfestingar í innviðum í nýjum hverfum í báðum byggðakjörnum, með gatnagerð og tengdum framkvæmdum og er áætlað að kostnaður við þau verkefni verði alls 275 mkr. á árinu 2024. Mikil eftirspurn er eftir íbúðalóðum í Suðurnesjabæ og er áætlað að uppbygging íbúðarhúsnæðis haldi áfram á fullum krafti næstu misserin. Gert er ráð fyrir að hafnar verði framkvæmdir við gervigrasvöll og er fjárheimild til þess verkefnis 200 mkr. á árinu 2024. Þessu til viðbótar eru ýmis minni verkefni á framkvæmdaáætlun ársins 2024.*

*Á árinu 2023 hefur íbúum Suðurnesjabæjar fjölgað um 134, eða 3,4%. Í byrjun desember 2023 eru íbúarnir alls 4.044 samkvæmt bráðabirgðatölum Þjóðskrár. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að íbúum fjölgi um 3,0% á ári næstu árin.*

*Efnahagsleg staða sveitarfélagsins er góð og er áætlað að skuldaviðmið skv. reglugerð 502/2012 verði 68% í árslok 2024 og því vel undir 150% viðmiði skv. fjármálareglu Sveitarstjórnarlaga.*

*Í þriggja ára áætlun árána 2025-2027 er gert ráð fyrir að rekstrarafkoma sveitarfélagsins og efnahagsleg staða standist fjármálareglur Sveitarstjórnarlaga á tímabilinu og er það samkvæmt markmiði bæjarstjórnar.*

*Í samræmi við áherslu bæjarstjórnar um ábyrgð og aðhald í fjármálum, bæði varðandi rekstur og fjárfestingar, verður á árinu 2024 sérstök áhersla á greiningu á rekstrareiningum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að auka aðhald í rekstri.*

*Bókun bæjarstjórnar:*

*Fjárhagsáætlun Suðurnesjabæjar fyrir árið 2024, ásamt þriggja ára áætlun árána 2025-2027 er nú til síðari umræðu og afgreiðslu í bæjarstjórn. Forsendur áætlunarinnar fela meðal annars í sér hækkanir á útgjöldum og gjaldskráum vegna verðbólguáhrifa og hækkana á visitölum verðlags, einnig er vaxtastig mjög hátt sem hefur áhrif á*

*efnahagsliði. Ýmis óvissa er um næstu misseri m.a. vegna kjarasamninga og efnahagsmála almennt. Hins vegar er mikil uppbygging á íbúðarhúsnæði með fjölgun íbúa Suðurnesjabæjar, sem felur í sér þörf fyrir aukna þjónustu og fjárfestingar innviða í Suðurnesjabæ. Fjárfestingaáætlun felur m.a. í sér að ljúka uppbyggingu leikskóla og nýrra innviða í íbúðahverfum, ásamt því að áætlað er að hefja framkvæmdir við gervigrasvöll. Útlit er fyrir áframhaldandi kraft í atvinnulífinu, sem skilar aukinni hagsæld fyrir almenning og sveitarfélagið.*

*Gott og ánægjulegt samstarf hefur verið meðal bæjarfulltrúa við vinnslu fjárhagsáætlunar og er það til þess fallið að efla samstarf kjörinna fulltrúa til hagsbóta fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.*

*Bæjarstjórn lýsir ánægju með að fjárhagsáætlun felur í sér sterka efnahagslega og rekstrarlega stöðu Suðurnesjabæjar. Það skapar forsendur til að skapa sem bestar aðstæður til að sveitarfélagið veiti íbúum sínum áfram fyrsta flokks þjónustu og haldi áfram metnaðarfullri uppbyggingu á innviðum með fjárfestingum á næstu árum.*

*Bæjarstjórn þakkar bæjarstjóra og starfsfólki Suðurnesjabæjar fyrir vel unnið verk og ánægjulegt samstarf við vinnslu fjárhagsáætlunar og vel unnin störf á árinu.*

*Afgreiðsla:*

*Þjónustugjaldskrá og gjaldskrá Sandgerðishafnar samþykktar samhljóða. Gjaldskrá vatnsveitu í þéttbýlinu í Sandgerði Suðurnesjabæ og gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Suðurnesjabæ samþykktar samhljóða og til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.*

*Fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun 2025-2027 samþykkt samhljóða.*

## **2. Suðurnesjabær - Samþykkt um gatnagerðargjöld - 2211128**

Á 133. fundi bæjarráðs var tillaga um breytingar á samþykkt um gatnagerðargjöld samþykkt samhljóða og vísað til bæjarstjórnar til samþykktar.

*Tóku til máls: JM og EJP*

*Afgreiðsla:*

*Bæjarráð samþykkir samhljóða breytingu á samþykkt um gatnagerðargjöld og til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.*

## **3. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga-endurskoðun 2023 - 2303098**

Á 133. fundi bæjarráðs var eftirfarandi bókað:

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hefur Suðurnesjabær fengið frumvarpið til umsagnar. Drög að frumvarpi var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda í mars sl. Í umsögn Suðurnesjabæjar um drögin voru gerðar athugasemdir um allmörg atriði en ekki verður séð að tillit hafi verið tekið til þeirra í endanlegu frumvarpi. Samkvæmt útreikningum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 2023 sem samanburðarár, lækka framlög til Suðurnesjabæjar um 204,9 mkr. ef frumvarpið verður að lögum, eða sem nemur 28,6% m.v. núverandi framlög. Útkomuspá Suðurnesjabæjar fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu bæjarsjóðs upp á 21,6 mkr. m.v. núverandi fyrirkomulag. Ef lögin væru komin að fullu til framkvæmdar mætti gera ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu rekstrar bæjarsjóðs upp á 226,5 mkr.

Suðurnesjabær mótmælir því harðlega að samþykkt verði lög á Alþingi sem ganga jafn

harkalega gegn hagsmunum sveitarfélagsins og fela í sér þann mismun sem að framan er rakið og sem mun á augljósan hátt hafa neikvæð áhrif á þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Áætluð lækkun framlaga frá Jöfnunarsjóði um meira en 200 milljónir á ári mun leiða til verulegs og viðvarandi rekstrarhalla Suðurnesjabæjar. Sveitarfélagið mun því að óbreyttu þurfa að skerða lögbundna þjónustu við íbúa, þvert á þau fyrirheit sem gefin voru við sameiningu Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs árið 2018.

Í jafn umfangsmiklu máli og hér er á ferð geta sveitarfélög og samtök þeirra á engan hátt unað því að gerðar séu grundvallar breytingar á frumvarpinu, án samráðs, rétt fyrir framlagningu þess á þingi. Breyting á 13. gr. frumvarpsins mun helst gagnast sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki leggja á hámarksútsvar. Breytingin gengur þvert gegn markmiðum frumvarpsins og mun valda tilfærslu verulegra fjármuna frá sveitarfélögum sem hafa takmarkaða möguleika til tekjuöflunar til sveitarfélaga sem gætu auðveldlega aukið tekjur sínar með öðrum leiðum.

Suðurnesjabær skorar því á öll sveitarfélög að mótmæla slíkum vinnubrögðum harðlega og væntir þess að Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga geri það einnig.

Samkvæmt frumvarpinu verður nýtt fyrirkomulag jöfnunar innleitt á þremur árum og kemur til fullrar framkvæmdar á fjórða ári eftir gildistöku laganna. Fyrir sveitarfélög sem verða fyrir miklum skerðingum er þessi aðlögunartími of stuttur. Verði frumvarpið að lögum telur Suðurnesjabær nauðsynlegt að lengja innleiðingartímabilið í að lágmarki átta ár.

Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að senda ítarlega umsögn um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til Alþingis.

*Tóku til máls: EJP, MS, JM, AKG og SBJ*

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

#### **4. Fjárhagsáætlun 2023 - viðaukar - 2304031**

Á 131. fundi bæjarráðs var viðauki 6 vegna hlutdeildar Suðurnesjabæjar í samstarfsverkefnum á Suðurnesjum, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015, samþykktur og vísað til staðfestingar bæjarstjórnar.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða að staðfesta viðauka 6.*

#### **5. Stjórnskipulag Suðurnesjabæjar - 2307018**

Á 132. fundi bæjarráðs var breyting á stjórnskipulagi Suðurnesjabæjar samþykkt samhljóða.

*Tóku til máls: JM, LE, EJP og AKG*

*Afgreiðsla:*

*Tillaga frá Bæjarlista lögð fram.*

*Bæjarlistinn leggur til að samfara breytingum á skipulagi Fjölskyldusviðs verði Fræðsluráð og Íþróttá- og tómstundaráð sameinað í eitt ráð; Mennta- og tómstundaráð.*

*Samþykkt samhljóða að vísa tillögu bæjarlistans til frekari efnislegrar umfjöllunar í bæjarráði.*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða varðandi breytingu á stjórnskipulagi Suðurnesjabæjar.*

**6. Stefna og viðbragsáætlun EKKO - 2311052**

Á 132. fundi bæjarráðs var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja framlagða stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.

*Tóku til máls: JM og MS*

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**7. Ósk um tilnefningar í vatnasvæðanefnd - 2211024**

Á 132. fundi bæjarráðs var samþykkt samhljóða að tilnefna Einar Friðrik Brynjarsson sem aðalmann og Árna Gísla Árnason sem varamann í Vatnasvæðanefnd.

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**8. Framtíðarsýn íþróttá í Suðurnesjabæ - 2303097**

Á 133. fundi bæjarráðs dags. 6. desember var samþykkt samhljóða að vísa framtíðarsýn íþróttá í Suðurnesjabæ til bæjarstjórnar til staðfestingar. Bæjarráð lýsti ánægju með þá vinnu sem liggur fyrir og ber væntingar til að vel takist til við að fylgja framtíðarsýn eftir.

*Tók til máls: LE*

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða.*

**9. Byggðakvóti - 2212034**

Á 133. fundi bæjarráðs dags. 6. desember var samþykkt samhljóða að óska eftir við matvælaráðuneytið að ákvæði reglugerðar nr. 852/2023 gildi um úthlutun byggðakvóta byggðarlagsins Garðs með breytingum skv. eftirfarandi:

a) Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 852/2023 verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök 133. fundur bæjarráðs 07.12.2023 3 skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan

botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.

b) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 852/2023 breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.

*Afgreiðsla:*

*Tillaga samþykkt samhljóða.*

**10. Leikskóli við Byggðaveg nafn á nýjan leikskóla - 2309048**

Á 133. fundi bæjarráðs dags. 6. desember var samþykkt samhljóða að nýr leikskóli við Byggðaveg fái heitið Grænaborg.

*Afgreiðsla:*

*Samþykkt samhljóða.*

**11. Bílastæðasjóður gjaldskrá - 2312006**

Á 133. fundi bæjarráðs dags. 6. desember var samþykkt að vísa tillögu um gjaldskrá Bílastæðasjóðs Suðurnesjabæjar til samþykktar í bæjarstjórn.

*Afgreiðsla:*

*Gjaldskrá Bílastæðasjóðs Suðurnesjabæjar, vegna stöðvunarbrota í Suðurnesjabæ samþykkt samhljóða og til birtingar í B-deild Stjórnartíðinda.*

**12. Vatnsupptaka í Árnarétt - Umsókn um framkvæmdarleyfi - 2311030**

Á 49. fundi framkvæmda-og skipulagsráðs dags. 23. nóvember var fjallað um ósk frá Orkustofnun um umsögn vegna umsóknar HS Veitna um nýtingarleyfi í tengslum við umsókn HS Veitna um framkvæmdaleyfi til vatnstöku í Árnarétt. Með vísan til 3.mgr. 6.gr. laga nr 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, mælir Framkvæmda-og skipulagsráð Suðurnesjabæjar með því að umsókn HS Veitna hf. verði samþykkt og telur framkvæmdina ekki hafa teljandi umhverfisáhrif og er í fullu samræmi við Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022-2034.

Jafnframt lá fyrir umsókn frá HS Veitum um framkvæmdaleyfi vegna borunar tveggja nýrra vatnshola í Árnarétt í Garði. Jákvæð afstaða umsagnaraðila liggur fyrir. Samþykkt að heimila skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdarleyfi vegna verksins til HS Veitna.

*Tók til máls: AKG, EJP*

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.*

**13. Háspennustrengur frá GAR-A að Árnarétt - Umsókn um framkvæmdarleyfi - 2311040**

Á 49. fundi framkvæmda-og skipulagsráðs dags. 23. nóvember lá fyrir umsókn frá HS Veitum um framkvæmdaleyfi vegna lagningar háspennustrengs frá dreifistöð GAR-A í Garði að ferskvatnsdælustöð í Árnarétt. Samþykkt að heimila skipulagsfulltrúa að gefa



63. fundur Bæjarstjórnar  
14.12.2023

út framkvæmdaleyfi vegna verksins til HS Veitna.

*Afgreiðsla:*

*Afgreiðsla framkvæmda-og skipulagsráðs samþykkt samhljóða.*

**14. Bæjarráð - 131 - 2311003F**

Fundur dags. 08.11.2023.

*Tóku til máls: JM, EJP, MS, MSM, LE, AKG*

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

14.1 2304031 - Fjárhagsáætlun 2023 - viðaukar

14.2 2307056 - Starfsmannamál

14.3 2104067 - Umhverfismiðstöð Suðurnesjabæjar-Starfsmannamál, rekstur o.fl.

14.4 2303026 - Atvinnumál og málefni hafnarráðs

14.5 2311009 - Aðgerðastjórn - náttúruvá

**15. Bæjarráð - 132 - 2311012F**

Fundur dags. 22.11.2023.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

15.1 2303087 - Fjárhagsáætlun 2024-2027

15.2 2307018 - Stjórnskipulag Suðurnesjabæjar

15.3 2311052 - Stefna og viðbragsáætlun EKKO

15.4 2311057 - Náttúruvá á Reykjanesi

15.5 2311009 - Aðgerðastjórn - náttúruvá

15.6 2211024 - Ósk um tilnefningar í vatnasvæðanefnd

15.7 2309048 - Leikskóli við Byggðaveg nafn á nýjan leikskóla

15.8 2303098 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga-endurskoðun 2023

**16. Bæjarráð - 133 - 2311028F**

Fundur dags. 06.12.2023.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

16.1 2303087 - Fjárhagsáætlun 2024-2027

16.2 2211128 - Suðurnesjabær - Samþykkt um gatnagerðargjöld

16.3 2303098 - Jöfnunarsjóður sveitarfélaga-endurskoðun 2023

16.4 2303097 - Framtíðarsýn íþróttanna í Suðurnesjabæ

16.5 2212034 - Byggðakvóti

16.6 2005092 - Bláa Lónið erindi til hluthafa

63. fundur Bæjarstjórnar  
14.12.2023

- 16.7 2309048 - Leikskóli við Byggðaveg nafn á nýjan leikskóla
- 16.8 2312006 - Bílastæðasjóður gjaldskrá

**17. Öldungaráð Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga - 15 - 2310019F**

Fundur dags. 06.11.2023.

*Tók til máls: EF, LE, EJP, MS, MSM,*

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

- 17.1 1909037 - Reglur Suðurnesjabæjar um akstursþjónustu eldri borgara
- 17.2 2109035 - Vettvangsheimsóknir öldungaráðs vorið 2023
- 17.3 2304058 - Þingsályktun þjónusta við eldra fólk
- 17.4 2311014 - Heildarstefna og búsetuúrræði aldraðra

**18. Fjölskyldu- og velferðarráð - 47 - 2311013F**

Fundur dags. 16.11.2023.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

- 18.1 2309010 - Framlag ríkisins 2023 vegna barna með fjölþættan vanda ogeða miklar þroska- og geðraskanir og eru vistuð utan heimilis á árinu 2023
- 18.2 2011075 - Velferðarnet Suðurnesja
- 18.3 1901069 - Búseta fatlaðra með langvarandi stuðningsþarfir

**19. Fræðsluráð - 43 - 2311009F**

Fundur dags. 17.11.2023

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

- 19.1 2011089 - Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna
- 19.2 2212008 - Rekstur leikskóla
- 19.3 1911049 - Sandgerðisskóli - ytra mat
- 19.4 1911049 - Sandgerðisskóli - ytra mat

**20. Íþróttta- og tómstundaráð - 17 - 2311017F**

Fundur dags. 22.11.2023.

*Tók til máls: JM, EJP.*

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

- 20.1 2311008 - Íþróttamaður ársins 2023
- 20.2 2303097 - Framtíðarsýn íþróttta í Suðurnesjabæ

63. fundur Bæjarstjórnar  
14.12.2023

- 20.3 2311029 - Efling íþróttastarfs á landsvísu
- 20.4 2311046 - Samskiptaráðgjafi UMFÍ
- 20.5 2311037 - UMFÍ styrkir
- 20.6 2201054 - Við saman - samþætting þjónustu í þágu barna
- 20.7 2011075 - Velferðarnet Suðurnesja

**21. Framkvæmda- og skipulagsráð - 49 - 2311019F**

Fundur dags. 23.11.2023.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

- 21.1 2311030 - Vatnsupptaka í Árnarétt - Beiðni um umsögn
- 21.2 2311040 - Háspennustrengur frá GAR-A að Árnarétt - Umsókn um framkvæmdarleyfi
- 21.3 2311030 - Vatnsupptaka í Árnarétt - Umsókn um framkvæmdarleyfi
- 21.4 2310085 - Strandgata 12 - umsókn um stöðuleyfi
- 21.5 2311063 - Framkvæmdir í Suðurnesjabæ 2024

**22. Hafnarráð - 22 - 2311010F**

Fundur dags. 05.12.2023.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

- 22.1 2311045 - Fiskmarkaður Suðurnesja - samstarf
- 22.2 2303087 - Fjárhagsáætlun 2024-2027
- 22.3 2211052 - Sandgerðishöfn gjaldskrá 2024
- 22.4 2206131 - Sandgerðishöfn - rekstur og starfsemi
- 22.5 1806557 - Sandgerðishöfn - Suðurgarður
- 22.6 2311047 - Sandgerðishöfn - flotbryggja

**23. Ferða-, safna- og menningarráð - 24 - 2311018F**

Fundur dags. 07.12.2023.

*Tók til máls: OKÁ, JM, MS, EJP*

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

- 23.1 1902052 - Þekkingarsetur Suðurnesja
- 23.2 1902052 - Þekkingarsetur Suðurnesja
- 23.3 1812040 - Viðurkenningar
- 23.4 2009041 - Menningarsjóður Suðurnesjabæjar
- 23.5 2312026 - Áramótabrenna og flugeldasýning um áramótin 2023-2024.
- 23.6 2212046 - Ferða-, safna- og menningarmál

63. fundur Bæjarstjórnar  
14.12.2023

**24. Samband íslenskra sveitarfélaga-fundargerðir 2023 - 2301078**

- a) 936. fundur stjórnar dags. 27.10.2023.
- b) 937. fundur stjórnar dags. 12.11.2023.
- c) 938. fundur stjórnar dags. 24.11.2023.
- d) 939. fundur stjórnar dags. 05.12.2023.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**25. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fundargerðir 2023 - 2301036**

795. fundur stjórnar dags. 08.11.2023.

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

**26. Kalka sorpeyðingarstöð - fundargerðir 2023 - 2301048**

552. fundur stjórnar dags. 14.11.2023.

*Tók til máls: LE og EJP*

*Afgreiðsla:*

*Lagt fram.*

Fundi slitið kl. 19:57.

---

Einar Jón Pálsson

---

Magnús Sigfús Magnússon

---

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir

---

Anton Kristinn Guðmundsson

---

Úrsúla María Guðjónsdóttir

---

Jónína Magnúsdóttir

63. fundur Bæjarstjórnar  
14.12.2023

---

Laufey Erlendsdóttir

---

Sigursveinn Bjarni Jónsson

---

Elín Frímannsdóttir

---

Magnús Stefánsson

---

Árni Gísli Árnason

